

# Persónuverndartilkynning fyrir korthafa

Síðast breytt 06.06.2023

## Um þessa tilkynningu og okkur



**Hver ættu að lesa þessa tilkynningu?** Allir notendur greiðslukorta. Þetta skjal útskýrir hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar ef þú átt greiðslukort, hvort sem það er efnislegt kort eða sýndarkort, útgefið af Enfuce License Services Ltd. („Enfuce“ eða „við“).



**Hver erum við og hvernig er hægt að hafa samband við okkur?** Enfuce er útgefandi kortsins og ábyrgðaraðili gagna í tengslum við persónuupplýsingar sem þú veitir okkur í tengslum við kortið. Enfuce veitir rafræna fjármála- og greiðsluþjónustu og fyrirtækið starfar samkvæmt leyfi og undir eftirliti finnska fjármálaeftirlitsins. Skráð skrifstofa okkar er við Metsänneidonkuja 12, 02130 Espoo, Finnlandi. Hafir þú einhverjar spurningar varðandi þessa persónuverndartilkynningu, hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingarnar þínar eða ef þú vilt nýta þér réttindi þín skaltu hafa samband við [privacy@enfuce.com](mailto:privacy@enfuce.com).



**Hvað fellur undir tilkynninguna?** Þessi persónuverndartilkynning fjallar um hvernig við notum, þössum upp á, meðhöndlum eða á annan hátt vinnum með upplýsingar sem auðkenna þig eða sem hægt væri að sameina öðrum upplýsingum til þess að auðkenna þig (kallaðar persónuupplýsingar). Auk þess fjallar þessi tilkynning um réttindi þín með tilliti til meðhöndlunar á persónuupplýsingum þínum.

Enfuce leggur áherslu á persónuvernd. Við meðhöndlum eingöngu persónuupplýsingar þínar í samræmi við viðeigandi gagnaverndar- og persónuverndarlög og góðar gagnavinnsluvenjur. Enfuce er ábyrgðaraðili þinna persónuupplýsinga sem tengjast greiðslukortinu þínu, sem þýðir að við skilgreinum tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga þinna og berum ábyrgð á vinnslunni. Orka styður ákveðnar aðgerðir sem tengjast kortinu þínu og er gagnavinnsluaðili persónuupplýsinga sem þú lætur okkur í té í tengslum við kortið. Varðandi bein tengsl þín við Orka skaltu skoða viðkomandi persónuverndartilkynningu.










Kaflarnir hér á eftir lýsa eftirfarandi:

- Hvaða persónuupplýsingum kunnum við að vinna úr?
- Hvers vegna og á grundvelli hvaða laga vinnum við úr persónuupplýsingunum þínum?
- Hvaða aðilar geta unnið úr persónuupplýsingunum þínum?
- Hvar eru persónuupplýsingar þínar staðsettar eða hvert eru þær fluttar?
- Hve lengi geymum við persónuupplýsingar þínar?
- Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna þinna?
- Hver eru þín réttindi?

## Hvaða persónuupplýsingum kunnum við að vinna úr?

Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar sem geta (eða væri hægt að nota til) auðkennt lifandi manneskju. Við söfnum saman persónuupplýsingum frá þér þegar þú sækir um greiðslukort sem við gefum út og þegar þú notar kortið til að framkvæma færslur. Við öflum einnig upplýsinga frá þriðju aðilum (eins og þjónustuveitendum sem staðfesta auðkenni eða koma í veg fyrir svik) sem kunna að bera persónuupplýsingar þínar saman við upplýsingar sem koma fram í manntölum, þvingunarlistum og/eða í öðrum gagnagrunnum.

Við höfum flokkað saman þær tegundir persónuupplýsinga sem við kunnum að vinna úr í töflunni hér að neðan:

Tegundir persónuupplýsinga	
	<b>Samskiptagögn</b> – fornafn og eftirnafn, netfang, símanúmer, heimilisfang
	<b>Auðkenningargögn</b> – fullt nafn, heimilisfang, símanúmer, netfang, kennitala, fæðingardagur, þjóðerni, almannatrygginganúmer (SSN), undirskrift, mynd, aðrar upplýsingar á skilríkjum
	<b>Færslugögn</b> – dagsetning, upphæð, gjaldmiðill, heiti söluaðila, lánardrottins eða birgis, staðsetning færslu, tæknileg heimild, gögn um reikningsskil milli banka, uppgjör og beiningu
	<b>Greiðslukortagögn</b> – kortanúmer (PAN), heiti korts, fyrningardagsetning, CVV-kóði, PIN-samstæða korts, þjónustukóði
	<b>Reikningsupplýsingar korts</b> – upplýsingar um reikninginn sem kortið þitt er tengt við, eins og auðkenni reikningsins og innstæða reikningsins
	<b>Tæknileg gögn</b> – eins og gögn um kerfisskrár, IP-tölur, dulkóðun
	<b>Gögn um viðskiptavinaþjónustu</b> – upplýsingar sem tengjast þér sem fylgja viðskiptavinaþjónustutilfellum frá kortaveitanda þínum, eins og auðkenni reiknings
	<b>Upplýsingar um stjórn mála tengsl og þvingunaraðgerðir</b> – gögn um einstaklinga sem eru í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla og á þvingunarlistum, eins og nafn, fæðingardagur, fæðingarstaður, starf eða staða, og ástæða þess að einstaklingurinn er á viðkomandi lista
	<b>Viðkvæm gögn</b> – sérstakir flokkar persónuupplýsinga sem hægt er að sækja úr færslugögnum

### Viðkvæmir/sérstakir flokkar persónuupplýsinga

Vinnsla á persónuupplýsingum um þig sem eru mjög viðkvæmar er aðeins leyfð í undantekningartilfellum. Gagnaverndarlöggjöf skilgreinir sérstaka flokka persónuupplýsinga sem upplýsingar sem afhjúpa kynþátt eða þjóðernisuppruna, stjórn mála skoðanir, trúar- eða heimspekileg viðhorf, stéttarfélagsaðild, erfðafræðilegar upplýsingar, lífkennaupplýsingar í þeim tilgangi að auðkenna einstakling, gögn er lúta að heilsu eða gögn er varða kynlíf eða kynhneigð. Þótt við söfnum ekki beint þessum tegundum gagna frá þér gæti verið hægt að sækja viðkvæmar persónuupplýsingar úr færslugögnum, til dæmis þegar greiðsla er framkvæmd fyrir ákveðin samtök, eins og trúfélag eða stjórn mála flokk.

## Hvers vegna og á grundvelli hvaða laga vinnum við úr persónuupplýsingunum þínum?

Almenna reglan er að við söfnum eingöngu gögnunum þínum til að veita, hafa umsjón með og markaðssetja þjónustu okkar eða í tilgangi sem tengist okkar starfsemi almennt, eins og vegna ráðninga. Samkvæmt gagnaverndarlögum megum við eingöngu vinna persónuupplýsingar í sérstökum tilgangi. Auk þess þurfum við alltaf að hafa lagalegan grundvöll fyrir vinnslu á persónuupplýsingum. Lagalegi grundvöllurinn er skilgreindur í gagnaverndarlögum og felur í sér:

- Að gera og inna af hendi **samning** okkar við þig. Persónuupplýsingar þínar eru nauðsynlegar til að gera samning og standa við skuldbindingar í samningnum við þig, t.d. til þess að láta þig hafa kort sem er gefið út af okkur.
- Til að uppfylla **lagalega kröfu**: Við kunnum einnig að vinna úr persónuupplýsingum þínum til að uppfylla lagalegar kröfur eða kröfur eftirlitsaðila, eins og kröfur sem tengjast því að auðkenna þig eins og fram kemur í lögum varðandi peningþvætti.
- **Samþykki** þitt á vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum: Við getum unnið persónuupplýsingar þínar byggt á þínu samþykki þar sem þú hefur samþykkt vinnslu í sérstökum tilgangi.
- Til að gæta **lögvarðra hagsmuna okkar**: Við kunnum að hafa lögvarða hagsmuni fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna þar sem vinnslan er nauðsynleg til að uppfylla ákveðnar viðskiptalegar kröfur og vinnslan fer ekki gegn réttindum þínum, frelsi eða réttmætum væntingum.

Þú finnur tilgang og lagalegan grundvöll fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum í töflunni hér að neðan. Ítarlegan lista yfir tegundir persónuupplýsinga undir hverjum flokki er að finna í kaflanum „Hvaða persónuupplýsingum kunnum við að vinna úr“ hér að ofan. Þú getur einnig séð hvort upplýsingunum sé safnað beint frá þér eða annars staðar frá.

Tilgangur vinnslu	Flokkar persónuupplýsinga	Lagalegur grundvöllur	Sótt til
Auðkenning á þér og staðfesting á þínu auðkenni samkvæmt kröfum viðeigandi laga.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samskiptagögn</li> <li>• Auðkennisgögn</li> </ul>	Lagaleg skylda, framkvæmd samnings	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þín, þegar þú sækir um kort</li> <li>• Annarra aðila, eins og auðkennisstaðfestingarþjónustuaðila og kortaveitanda þíns</li> </ul>
Setja upp reikninginn þinn, þ.m.t. vinna úr umsókn þinni um kort og stofna reikninginn þinn	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samskiptagögn</li> <li>• Auðkennisgögn</li> <li>• Greiðslukortagögn</li> <li>• Reikningsupplýsingar korts</li> </ul>	Framkvæmd samnings	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þín, þegar þú sækir um kort</li> <li>• Annarra aðila, eins og auðkennisstaðfestingarþjónustuaðila og kortaveitanda þíns</li> </ul>
Viðhald og umsjón með reikningnum þínum og viðskiptasambandinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samskiptagögn</li> <li>• Auðkennisgögn</li> <li>• Greiðslukortagögn</li> <li>• Reikningsupplýsingar korts</li> <li>• Færslugögn</li> </ul>	Framkvæmd samnings	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þín</li> <li>• Annarra aðila, eins og greiðsluþjónustuaðila, þar sem við á, og kortaveitanda þíns</li> </ul>
Sannvottun á færslum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Greiðslukortagögn</li> <li>• Færslugögn</li> </ul>	Framkvæmd samnings	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þín, með tæknilegum aðferðum, þegar þú framkvæmir færslu</li> <li>• Annarra aðila, eins og tækniþjónustuaðila og kortaveitanda þíns</li> </ul>

Vinnsla á þínum færslum, þar á meðal veiting heimildar, reikningskil milli banka og uppgjör	<ul style="list-style-type: none"> <li>Færslugögn</li> <li>Viðkvæm gögn (sjá frekari upplýsingar í kaflanum „Tegundir gagna“)</li> </ul>	Framkvæmd samnings	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þín, með tæknilegum aðferðum, þegar þú framkvæmir færslu</li> <li>Annarra aðila, eins og greiðsluþjónustuaðila og kortaveitanda þíns</li> </ul>
Umsjón efnislegs korts og sýndarkorts	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samskiptagögn</li> <li>Auðkennisgögn</li> <li>Greiðslukortagögn</li> </ul>	Framkvæmd samnings	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þín</li> <li>Annarra aðila, eins og auðkennisstaðfestingarþjónustuaðila og kortaveitanda þíns</li> </ul>
Fylgjast með merkjum um svik á reikningnum þínum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Færslugögn</li> <li>Reikningsupplýsingar korts</li> <li>Greiðslukortagögn</li> </ul>	Framkvæmd samnings	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þín, með tæknilegum aðferðum, þegar þú framkvæmir færslu, og kortaveitanda þíns</li> </ul>
Koma í veg fyrir, afhjúpa og/eða leysa vandmál sem tengjast peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þ. á m. að afhenda opinberum yfirvöldum gögn vegna rannsókna á slíkum glæpum í samræmi við löggjöf um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samskiptagögn</li> <li>Auðkennisgögn</li> <li>Upplýsingar um stjórn mála tengsl og þvingunaraðgerðir</li> <li>Færslugögn</li> </ul>	Lagaleg skylda	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þín</li> <li>Annarra aðila, eins og samstarfsaðila okkar, lista eða uppspretta sem stjórnvöld viðhalda, fjármálaþjónustuaðila, auðkennisstaðfestingarþjónustuaðila og þjónustuaðila sem koma í veg fyrir svik, veitenda þvingunarlista, opinberra aðila og greiðsluþjónustuaðila og kortaveitanda þíns</li> </ul>
Þjóða upp á öruggt umhverfi fyrir veitingu okkar þjónustu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tæknigögn</li> </ul>	Framkvæmd samnings	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þín (með tæknilegum aðferðum)</li> </ul>
Veita þjónustu sem tengist kortinu þínu, reikningi eða færslum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Greiðslukortagögn</li> <li>Færslugögn</li> <li>Reikningsupplýsingar korts</li> </ul>	Lögvarðir hagsmunir	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þín (með tæknilegum aðferðum)</li> <li>Annarra aðila, eins og kortaveitanda þíns</li> </ul>
Endurskoðun og skýrslugjöf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Færslugögn (á samansöfnuðu sniði)</li> <li>Reikningsupplýsingar korts (á samansöfnuðu sniði)</li> <li>Samskipta- og auðkenningargögn</li> </ul>	Lögvarðir hagsmunir	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þín (með tæknilegum aðferðum)</li> <li>Annarra aðila, eins og greiðsluþjónustuaðila, þar sem við á, og kortaveitanda þíns</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tæknigögn (á samansöfnuðu sniði)</li> </ul>		
Tryggja og þróa öryggi okkar kerfa með tæknilegum aðferðum, eins og með dulkóðun gagna, aðgangsstýringum, skráningarkerfum og endurskoðun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tæknigögn</li> </ul>	Lögvarðir hagsmunir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þín (með tæknilegum aðferðum)</li> </ul>
Kynna, greina, breyta og bæta okkar kerfi og verkfæri, og þróa nýja þjónustu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tæknigögn</li> </ul>	Lögvarðir hagsmunir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þín (með tæknilegum aðferðum)</li> </ul>
Framkvæma greiningu á samansöfnuðum gögnum og þróa viðskiptalausnir sem gera okkur kelipt að starfa, vernda, taka upplýstar ákvarðanir og veita skýrslugjöf um árangur fyrirtækisins okkar;	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Færslugögn (á samansöfnuðu sniði)</li> <li>• Reikningsupplýsingar korts (á samansöfnuðu sniði)</li> <li>• Tæknigögn (á samansöfnuðu sniði)</li> <li>• Gögn um viðskiptavinþjónustu (á samansöfnuðu sniði)</li> </ul>	Lögvarðir hagsmunir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þín (með tæknilegum aðferðum)</li> <li>• Annarra aðila, eins og greiðsluþjónustuaðila (þar sem við á)</li> </ul>

## Hvaða aðilar geta unnið úr persónuupplýsingunum þínum?

Eingöngu aðilar sem hafa til þess heimild, byggt á sínu hlutverki, vinna með persónuupplýsingarnar þínar. Enfuce selur ekki persónuupplýsingarnar þínar.

Persónuupplýsingarnar þínar verða aðeins fluttar til eða birtar eftirfarandi flokkum af þriðju aðilum, í eftirfarandi aðstæðum:

- **Samstæðufyrirtæki okkar:** Samstæðufyrirtæki Enfuce eiga þátt í vinnslu persónuupplýsinga þinna, þar á meðal vinnslu á greiðslukortafærslum þínum.
- **Þjónustuveitendur okkar:** Við notum þjónustuveitendur til þess að stjórna og reka okkar fyrirtæki. Þjónustuveitenda er þörf af ýmsum ástæðum, eins og til að reka tölvukerfi okkar. Þessir þjónustuveitendur geta eingöngu unnið úr persónuupplýsingum þínum byggt á okkar fyrirmælum og eingöngu notað þær í tilgangi sem við skilgreinum. Um slíka vinnslu gilda alltaf gagnavinnslusamningar til þess að tryggja að allir þjónustuveitendur okkar tryggi öryggi persónuupplýsinga þinna og vinni eingöngu úr þeim í samræmi við viðeigandi lög.

- **Kortaveitandi þinn:** kortaveitandi þinn styður ákveðnar aðgerðir sem tengjast kortinu þínu, eins og að staðfesta auðkenni þitt.
- **Aðilar sem sjá um að staðfesta auðkenni og þvingunarlista** til að veita áskilda staðfestingu og framkvæma athuganir í tengslum við reglufylgni og gegn sviksemi;
- **Eftirlits- og löggæsluyfirvöld**, þar sem okkur ber lagaleg skylda til þess.
- **Allir aðilar sem við flytjum eða kunnum að flytja réttindi og skyldur okkar yfir til á lögbæran hátt samkvæmt þessum samningi;**
- **Allir þriðju aðilar vegna enduruppbyggingar, sölu eða kaupa Enfuce eða tengdra rekstrareininga**, að því gefnu að viðtakandi noti upplýsingar þínar í sama tilgangi og þær voru upprunalega látnar af hendi til okkar og/eða notaðar af okkur.

## Hvar eru persónuupplýsingar þínar staðsettar eða hvert eru þær fluttar?

Við kunnum að flytja persónuupplýsingar innan samstæðufyrirtækja Enfuce í löndum þar sem Enfuce er með starfsemi.

Við geymum persónuupplýsingar þínar á vefþjónum sem staðsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu en við kunnum að nota þjónustuveitendur sem eru staðsettir annars staðar í undantekningartilfellum. Í tilfellum þar sem persónuupplýsingarnar þínar kunna að vera fluttar út úr Evrópusambandinu, Evrópska efnahagssvæðinu, Bretlandi eða Sviss, tryggjum við lögmæti flutningsins með því að nota gilt lagalegt gangverk. Dæmi um þessi gangverk eru ákvarðanir um nægjanleika sem teknar hafa verið upp af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi tiltekið land og stöðluð samningsákvæði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um millilandaflutning á persónuupplýsingum. Auk þess notum við önnur öryggisúrræði eins og dulkóðun til að tryggja öryggi persónuupplýsinganna sem eru fluttar.

## Hve lengi geymum við persónuupplýsingar þínar?

Geymslutímabil persónuupplýsinganna þinna fer eftir tilganginum sem vinnslan varðar. Við geymum persónuupplýsingar aðeins eins lengi og nauðsynlegt er í þeim tilgangi. Löggjöf sem gildir um okkur, eins og lög um peningaþvætti, setur fram skyldubundin varðveislutímabil sem skilgreina hve lengi við geymum persónuupplýsingar þínar. Þar sem okkur ber engin lagaleg skylda til að geyma ákveðnar persónuupplýsingar er varðveislutíminn skilgreindur út frá lögmætum viðskiptaþörfum okkar. Eftirfarandi tafla sýnir varðveislutímabil og viðmið fyrir skilgreiningu varðveislutímabila lykilmállokka persónuupplýsinga.

Tegundir persónuupplýsinga	Varðveislutíma og/eða viðmið til að skilgreina hann
Upplýsingar sem eru notaðar fyrir auðkenningu og staðfestingu auðkennis	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sex ár eftir lok sambandsins við viðskiptavininn, byggt á lögum um peningaþvætti</li></ul>
Gögn sem tengjast færslum	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sex ár eftir lok sambandsins við viðskiptavininn eða eftir tilfallandi færslu, byggt á lögum um peningaþvætti</li></ul>

## Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna þinna?







Enfuce skuldbindur sig til þess að tryggja öryggi persónuupplýsinga þinna með fullkomnustu tækni og skipulagslegum og öryggistengdum ráðstöfunum. Við tryggjum trúnað, heilindi og tiltækileika persónuupplýsinga þinna, og verjum þær fyrir tapi, misnotkun, óheimilum aðgangi, birtingu, breytingu og eyðingu. Slíkar ráðstafanir eru m.a. eftirfarandi:

- hápróuð dulkóðun á gögnum bæði meðan á flutningi stendur og í geymslu;
- gerviauðkenning persónuupplýsinga;
- hlutverkastýrðar aðgangsstýringar og sannvottun notenda;
- tæknilegar tölvu- og netöryggisráðstafanir;
- ítarlegar upplýsingaöryggisreglur og þjálfun starfsfólks í samræmi við þær;
- verkferlar vegna atvika og brota;
- ferlar til að tryggja rekstrarsamfelldni og endurheimt í kjölfar hamfara;
- reglulegar prófanir og endurskoðun á öryggisráðstöfunum okkar;
- samningar við samstarfsaðila okkar varðandi gagnavernd og öryggisráðstafanir.

## Hver eru þín réttindi?

Þú hefur ákveðin lagaleg réttindi hvað varðar persónuupplýsingar þínar. Ef þú vilt nýta einhver þinna lagalegu réttinda skaltu hafa samband við: [privacy@enfuce.com](mailto:privacy@enfuce.com).

Gagnaverndarréttindi þín eru eftirfarandi:

	<b>Réttur til aðgangs:</b> Þú átt rétt á því að fá að vita hvort við séum að vinna með þínar persónuupplýsingar og hvaða persónuupplýsingar um þig við meðhöndlum. Þú getur óskað eftir afriti af slíkum upplýsingum.
	<b>Réttur til leiðréttingar:</b> Þú átt rétt á að leiðrétta og uppfæra persónuupplýsingar þínar eða biðja okkur um að uppfæra þær ef þær eru ónákvæmar eða ófullgerðar. Við hvetjum þig til að halda öllum þínum persónuupplýsingum uppfærðum.
	<b>Réttur til eyðingar („réttur til að gleymast“):</b> Þú átt rétt á að biðja okkur um að eyða persónuupplýsingum þínum. Við munum eyða persónuupplýsingum þínum nema okkur beri lagaleg skylda eða ef það er veigamikil ástæða til þess að geyma þær. Í slíku tilfalli látum við þig vita og útskýrum ákvörðun okkar.
	<b>Réttur til takmörkunar á vinnslu:</b> Þú getur, í ákveðnum takmörkuðum aðstæðum, beðið okkur um að takmarka hvernig við notum persónuupplýsingar þínar og takmarka tímabundið hvernig við notum þær (t.d. meðan við göngum úr skugga um að persónuupplýsingarnar sem við geymum um þig séu réttar).
	<b>Réttur til að mótmæla:</b> Þú getur mótmælt vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum ef þú vilt að við hættum að nota þær, að því gefnu að lagalegur grundvöllur okkar fyrir vinnslunni sé lögmætir hagsmunir eða í tengslum við markaðssetningarefni okkar.
	<b>Réttur til færarleika gagna:</b> Þú getur beðið okkur um að senda þér eða öðrum aðila rafrænt afrit af persónuupplýsingunum þínum, að því gefnu að vinnslan sé byggð á því að framkvæma samning við þig eða á þínu samþykki.

**Kvartanir:** Ef þú ert óánægð(ur) með hvernig við söfnum og notum persónuupplýsingar þínar vonumst við til að geta leyst úr því. Byrjaðu á að hafa samband við [privacy@enfuce.com](mailto:privacy@enfuce.com). Ef þú hins vegar telur að vinnsla okkar brjóti á þínum réttindum sem skráðs aðila áttu alltaf rétt á að kvarta til persónuverndaryfirvalda í því landi sem þú starfar, býrð yfirleitt í eða þar sem meint brot á gagnaverndarlögum hefur átt sér stað. Eftirlitsyfirvaldið í Finnlandi er umboðsmaður gagnaverndar, [www.tietosuoja.fi](http://www.tietosuoja.fi).

Eftirlitsyfirvaldið í Danmörku er: The Danish Protection Agency, +45 33 19 32 00, Datatilsynet, Carl Jacobsens Vej 35, DK-2500 Valby

## Getur þessum upplýsingum verið breytt?

Þjónusta okkar og gildandi lög eru í stöðugri þróun. Þessi persónuverndartilkynning verður uppfærð í hvert sinn sem breytingar eða þróun krefst þess. Nýjustu útgáfu af persónuverndartilkynningunni okkar er alltaf hægt að finna á vefsvæðinu okkar á <https://enfuce.com/privacy-notice/>. Dagsetning þessarar tilkynningar er sýnd efst á síðunni. Við mælum með að þú heimsækir síðuna öðru hverju til að fara yfir allar mögulegar breytingar. Ef



einhverjar umtalsverðar breytingar á því hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar eiga sér stað munum við birta tilkynningu þess efnis á vefsvæðinu.